



# STARFSLEYFI

Kítín- og kítosanframleiðsla

**Primex ehf.**

Óskarsgötu 7, Siglufirði,

Fjallabyggð

Kt.: 681197-2819

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Primex ehf. kt. 681197-2819, fyrir rekstur kítín- og kítosanverksmiðju á Óskarsgötu 7, Siglufirði. Primex ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Þar á meðal skal verktaki sem flytur hættuleg efni til og frá rekstrarsvæði hafa tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að hreinsa kítín (skel) úr aukaafurðum úr rækjuvinnslu og auk þess er heimilt að framleiða kítósan úr kítíninu. Hámarksframleiðsla miðast við allt að 500 tonn af kítósan á ári.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

### 1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir).

Ef fram koma skilgreiningar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

## 1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. málsgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

## 1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að úttekt geti farið fram á frágangi. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hafi verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Gera skal Slökkviliði Fjallabyggðar viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur. Tilkynna skal áður nefndum aðilum um það ef að starfsemi hefst að nýju.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og Slökkviliði Fjallabyggðar um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.

## 1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.5
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1 og 1.4, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati eftirlitsaðila getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## 1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið. Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

## 1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

### 2.1 Hráefni, vörugeymslur

Aukaafurðir úr rækjuvinnslu og kítín skal geyma í yfirbyggðum og þéttum geymslum. Geymslur skal tæma að fullu og þrifa eftir þörfum. Einnig skal þrifa reglulega þau áhöld sem notuð eru við verkið. Ekki skal bera efnið út fyrir athafnasvæðið, svo sem með akstri óþrifinna moksturstækja.

Geymsla á ætandi efnum skal vera traust og þétt, þola viðkomandi efni og tengjast lekavörn sem getur tekið við efnunum ef geymar gefa sig. Aðskilja skal geymslu sekkja með úppleystum ætandi efnum frá uppleystum efnum. Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu.

### 2.2 Brennsla í katli / varaafli

Ef notaður er ketill sem brennir jarðefnaeldsneyti skal honum vel viðhaldið þannig að hann valdi ekki óþarfri mengun, til dæmis sótmengun.

## 2.3 Flutningur hráefna

Tæki til flutnings á hráefni skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum eða sambærilegum útbúnaði. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings skulu vera lokuð og þétt. Flutningstæki skulu vandlega þrífín strax að notkun lokinni og skal aðstaða vera til þess á lóð rekstraraðila. Frárennsli frá þvottaaðstöðu má sameina frárennsli verksmiðjunnar.

### LOFT

## 2.4 Lyktarmengun

Takmarka skal lykt frá öllum ferlum verksmiðjunnar (geymslu hráefnis, flutning efna og vinnslu) með þeim ráðum sem tiltæk eru, svo sem með aðgerðum sem auka geymsluþol.

Ef vart verður við lyktarmengun frá verksmiðjunni skal rekstraraðili gera ráðstafanir til að finna orsökina og leita leiða til að bæta ástandið. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slíkar úrbætur. Einnig getur eftirlitsaðili óskað úrbóta sbr. grein 1.8.

Umhverfisstofnun getur sett nánari reglur eða skilyrði um aðgerðir gagnvart lyktarmengun ef tilefni gefst til. Umhverfisstofnun er einnig heimilt gera breytingar á skynmatskerfi sem rekstraraðili sjálfur setur sér um móttöku hráefna og hvaða efni skal sent til urðunar í stað vinnslu.

### VATN

## 2.5 Vatnsnotkun

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

## 2.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemi verksmiðjunnar má ekki valda fækkun tegunda í lífríki. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki við starfsemina. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.7, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli um flokk eða það hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

## 2.7 Fyrirkomulag frárennslis

Fráveitulagnir frá vinnslunni skulu uppfylla þau ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp sem eiga við strandsjó. Fráveitulögnum skal þannig komið fyrir sem og viðhaldið að óhollusta eða óþægindi hljótist ekki af og frárennslisop má ekki opnast til hafnar. Fyrsta stigs hreinsun er lágmark. Skólpinu skal veita minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá stórstraumsfjörumörkum og einnig uppfylla önnur skilyrði reglugerðarinnar.

Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótuneyti skal leitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

## 2.8 Gæðamarkmið frárennslis

Við útrás frá vinnslunni þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt.
- Áberandi litur eða grugg.

## 2.9 Sýrustig frárennslis

Sýrustig frárennslis frá vinnslunni skal að jafnaði vera á bilinu pH 6-10. Sýrustig frárennslis má fara 5% af rekstrartíma yfir pH gildið 10 en þó aldrei yfir pH gildið 11,5. Sýrustig skal stöðugt mælt og skal eftirlitsaðili hafa fullan aðgang að þeim gögnum.

## 2.10 Hreinsun frárennslis

Frárennslis frá verksmiðjunni skal hreinsa í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Lágmarkshreinsun skal felast í fellingu eða síun. Rekstraraðili skal áfram vinna að vinnslu á próteini með tilliti til fyrri verkefna sem hafa verið gerð á vegum rekstraraðila í þessum tilgangi, eða með nýju verkefni.

## 2.11 Lagnir

Allar lagnir skulu vera þéttar, sérstaklega skal gæta að lögnum fyrir vítissóða eða önnur ætandi efni. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna fyrirvaralaust hvort þær leki.

## ÚRGANGUR

### 2.12 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Úrgangsmeðhöndlun skal samrýmast lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

### 2.13 Spilliefni og annar úrgangur

Koma skal í veg fyrir myndun úrgangs eins og mögulegt er. Stuðla skal að endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og aukaafurða. Skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku þeim spilliefnum og öðrum úrgangi sem verður til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni og ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta.

Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum, enda er geymsla þeirra ekki heimil.

## ANNAÐ

### 2.14 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

## 2.15 Rekstrarsvæði

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Fjarlægja skal úrgang af lóð þegar í stað. Aksturleiðir skulu vera lagðar bundnu slitlagi.

## 2.16 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

# 3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

## 3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- viðhald á katli (varaafli), sbr. gr. 2.2,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 2.13, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku.

Niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

## 3.2 Hávaðamælingar

Hávaðamælingar eða úttektir á hávaða sbr. gr. 2.14, skal gera a.m.k. fimmta hvert ár, í fyrsta skipti fyrir árslok 2015.

## 3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

## 3.4 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

Í grænu bókhaldi skal gera grein fyrir heildarlosun frá rekstrinum þannig að ljóst sé á aðgengilegu formi hver losun lífræns efnis er. Þá er átt við framsetningu á magni, t.d. sem COD eða TOC. Gera skal grein fyrir magni svifefna, köfnunarefna (N), fosfórs (P) og kalsíums (Ca). Gera skal greinargerð um heildarlosun og tilgreina persónueiningar miðað við hvert framleitt tonn. Nota má beinar eða óbeinar aðferðir í þessu sambandi, eftir hentugleikum. Ef bæta þarf við mælingum vegna þessara krafna skal það gert.

## 4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARMIÐ

### 4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Setja skal umhverfismarkmið fyrir 1. desember 2016 og endurskoða þau á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sbr. grein 2.4) er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum.

### 4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### 4.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 035/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 4.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

### 4.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal senda

Mannvirkjastofnun og Slökkviliði Fjallabyggðar afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

#### 4.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

#### 4.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

#### 4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ef breytingar á framleiðslu geta valdið breytingum á losun, skal gera Umhverfisstofnun viðvart þannig að hún geti metið hvort af þeirri ástæðu þurfi að gera breytingar á tíðni mælinga.

## 5. UMHVERFISVÖKTUN

### 5.1 Efnamælingar á viðtaka

Rekstraraðili skal einu sinni á ári gera efnamælingar í viðtaka. Mæla skal sýni á a.m.k. þremur mælistöðvum auk bakgrunnsstöðvar. Mælingin skal eftir fara fram á álagstíma í vinnslu. Mælistöðvar og bakgrunnsstöð skulu ákveðnar í samræmi við eftirlitsaðila. Mæla skal magn lífrænna efna (COD/TOC), svifefni, köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalsíum (Ca). Skiladagur er 1. maí árið eftir mælingarnar. Mælingarnar skulu vera eins áreiðanlegar og kostur er og gera skal grein fyrir mæliaðferðum og atriðum sem geta haft áhrif á túlkun niðurstaðna og ráðstöfunum til að bregðast við skekkjuvöldum í mælingum. Gæta skal að því að mæliraðir séu nógu langar til að forðast tilfallandi skekkjur og óvissu.

Á a.m.k. þriggja ára fresti skal skoða umhverfi útrásarinnar (t.d. með neðansjávarmyndatöku) þar sem fráveituvatn frá vinnslu er leitt í viðtaka, til að skoða hvort gæðamarkmið skv. gr. 2.8 standast. Fyrstu skoðun skv. þessu ákvæði skal lokið fyrir árslok 2015.

### 5.2 Botnrannsóknir og aðrar rannsóknir

Gera skal sambærilega botnrannsókn og gerð var á vegum rekstraraðila árin 1998 og 2003.

Umhverfisstofnun skal í framhaldi af því meta þörf á frekari rannsóknum. Nóg er að þessi rannsókn nái eingöngu yfir mælipunkt við útrásaropið. Skýrslu um rannsóknina skal skila fyrir árslok 2015.

Rannsóknir og aðrar mælingar sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.



### 5.3 Skýrslugjöf

Skila skal niðurstöðum til Umhverfisstofnunar árlega árið eftir mælingar í viðtaka sbr. grein 5.1. Skilafrestur er sá sami og á grænu bókhaldi sbr. grein 3.4. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess og ef það er í samræmi við reglugerðir. Skýrslugjöf samkvæmt gr. 5.2 skal vera hluti af sérstökum samningi skv gr. 5.2.

### 5.4 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenninu samkvæmt 5. kafla eða kostnað í samræmi við hlutdeild í losun ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk samkvæmt 16. lið í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 3. júní 2031.

Reykjavík 3. júní 2015

Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

## VIÐAUKI

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Skilafrestur á fyrstu úttekt á frárennsli skv. gr. 5.1 er til ársloka 2015 en síðan a.m.k. á þriggja ára fresti.
- Niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir, sbr, grein 3.2. fyrstu skil eru fyrir árslok 2015.
- Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, sbr. grein 3.4.
- Skiladagur vegna mælinga í viðtaka sbr. grein 5.1 er 1. maí árið eftir mælingarnar.
- Botnrannsókn við útrásaropið skal ljúka með skýrslu fyrir árslok 2015, sbr, gr. 5.2.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.